

## Tillaga að nýjum lögum fyrir Bridgesamband Íslands(BSÍ)

### 1. Grein.

Bridgesamband Íslands skammstafað BSÍ er landssamband íslenskra bridgefélaga. Það skal vera aðila að þeim alþjóðasamtökum bridgespilara sem ársþing ákveður hverju sinni.

### 2. Grein

Markmið BSÍ er: Að vera æðsti aðili á landinu í bridgemálefnum, stuðla að útbreiðslu og kynningu á bridge. Að halda árlega Íslandsmót og þau mót sem stjórn ákveður hverju sinni. Að greiða fyrir samskiptum við bridgespilara annarra þjóða. Að sjá um að alþjóðalögum í bridge sé fylgt og spilarar sýni háttvísi í samskiptum sínum. Að ákveða hvar og hvenær skuli tekið þátt í erlendum keppnum með landslið Íslands í bridge. Að veita aðildarfélögum alla mögulega aðstoð sem að gagni mætti koma við útbreiðslu bridge.

### 3. Grein

Öll bridgefélög á Íslandi geta öðlast aðild að Bridgesambandi Ísland, enda skuldbinda þau sig til að hlýta lögum BSÍ, reglum þeim og úrskurðum sem sett eru af ársþingi eða af stjórn. Inntökubeiðni ásamt lögum félagsins skal lögð fyrir stjórn og öðlast félagið full réttindi að fengu samþykki stjórnar BSÍ.

### 4. Grein

Reikingsár BSÍ er almannaksárið þ.e.frá 1. Janúar til 31. Desember. Reikningar sambandsins skulu færðir af löggiltum endurskoðanda sem kosinn er til eins árs í senn. Tveir skoðurnarmenn reikninga sem kosnir eru til eins árs í senn skulu yfirfara reikninga sambandsins. Athugasemdir sínar ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og sendar stjórn sem leggur þær fyrir þingið. Endurskoðun skal lokið 10 dögum fyrir ársþing.

### 5. Grein

Á milli ársþinga er æðsta vald í málefnum sambandsins í höndum stjórnar. Stjórn BSÍ skal skipað 5 mönnum og 2 varamönnum, kosnir til árs í senn. Forseta skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn. Varamenn skal boða á stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Varamenn komi inn í stjórn eftir uppröðun uppstillingarnefndar á ársþingi eða atkvæðamagni, hafi um þetta verið kosið. Stjórnin skal á sínum fyrsta fundi skipta með sér verkum og skal skipa í eftirtalin störf: Varaforseti, gjaldkeri og ritari. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur. Stjórnin skal framfylgja ályktunum og ákvörðunum ársþings. Ný stjórn skal skipa fjórar nefndir: meistarastiganefnd, mótanefnd, dómnefnd og laga og keppnisreglanefnd. Hver nefnd skal færa til bókar fundi sína og þá úrskurði sem hún kann að kveða upp.

## 6. Grein

Árspaning fer með æðsta vald í málefnum BSÍ og skal það haldið fyrir lok mars ár hvert. Árspaning skal boðað með 3 vikna fyrirvara og dagskrá skal senda út með 1 viku fyrirvara. Óski einstök félög eftir því að bera fram tillögu um lagabreytingar skal félagið senda þær til stjórnar eigi síðar en 3 vikum fyrir árspaning. Rétt til setu á árspaningi eiga fulltrúar allra félaga sem eiga aðild að BSÍ. Fjöldi þingfulltrúa ræðst af stærð félaga og má vera einn hið fæsta og aldrei fleiri en 9 hjá stærstu félögunum. Við ákvörðun þingfulltrúa skal vera einn fyrir fyrstu 20 félagsmenn, annar fyrir næstu 20 félagsmenn o.s.frv.. Kjörbréf skulu staðfest með undirskrift formanns eða annars stjórnarmanns félagsins. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði en getur þó farið með umboð fyrir annan fulltrúa frá sama félagi. Stjórninni er heimilt að bjóða gestum til árspaningsins sem áheyrarfulltrúum.

## 7. Grein

Á árspaningi skulu eftirfarandi mál tekin fyrir:

Þingsetning.

Kosning fundarstjóra og fundarritara, svo og 3ja manna kjörnefndar.

Kjörbréf athuguð og úrskurðuð.

Kosning 3ja manna uppstillingarnefndar og annarra nefnda ef þurfa þykir.

Stjórn, forseti gefur skýrslu um starfsemi sambandsins.

Formenn fastanefnda gefa skýrslu um starfsemina.

Reikningar sambandsins lagðir fram og afgreiddir.

Lagabreytingar.

Kosning forseta sambandsins

Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.

Kosning löggilts endurskoðanda.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga sambandsins og tveggja til vara.

Ákvörðun árgjalds.

Kosning áfrýjunarnefndar sjö menn.

Önnur mál sem löglega eru borin fram.

Árspaning getur kosið heiðursfélaga Bridgesambandsins eftir tillögu stjórnar.

## 8. Grein

Aukaþing má halda, ef meirihluti stjórnar telur það nauðsynlegt. Skyld er stjórn að boða til aukapings, ef þess er óskað af félögum sem í eru einn þriðji hluti allra félagsmann. Til aukapings skal boða með þriggja vikna fyrirvara.

## 9. Grein

Hvert félag skal greiða árlega til BSÍ, samkvæmt ákvörðun árspanings. Það er skilyrði fyrir þátttöku í Íslandsmóti að viðkomandi félag hafi greitt árgjald sitt til BSÍ. Stjórnin ákveður þátttökugjald í mótum sínum. Gjaldldagi árgjalds er 1. maí ár hvert.

## 10. Grein

Hvert félag skal fyrir 1. febrúar senda stjórn BSÍ skýrslu um félagatölu sína. Þá skal hvert félag senda stjórninni innan mánaðar frá því að það hélt aðalfund sinn, afrit af ársskýrslu svo og samþykktum ársreikningi.

#### **11. Grein**

Stjórnin sér um að halda Íslandsmót árlega. Almennar keppnisreglur skulu samþykktar á ársþingi og nægir einfaldur meirihluti til breytinga á þeim.

#### **12. Grein**

Stjórnin ákveður alfarið á hvern hátt skuli velja keppendur til þátttöku í leiki við erlenda aðila. BSÍ skal taka þátt í ferðakostnaði þeirra spilara sem taka þátt í keppni við erlenda aðila, samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

#### **13. Grein**

Stjórnin skal skipa 3ja manna dómnefnd sem hefur lögsögu um öll mál er varða túlkun á bridgelögum og keppnisreglum. Mál er varða óheiðarleika og/eða ósæmilega hegðun og framkomu skal tafarlaust tilkynna til stórna BSÍ. Stjórn BSÍ getur ákveðið að bridgespilari sem uppvís verði að óheiðarleika og/eða ósæmilegri hegðun spili ekki í bridgemótum um ákveðinn tíma.

#### **14. Grein**

Úrskurðum eða ákvörðunum nefnda að undanskilinni Dómnefnd má skjóta til Áfrýjunarnefndar BSÍ. Í þeirri nefnd skuldi eiga sæti sjö menn kosnir á ársþingi til tveggja ára í senn. Stjórn skipar formann og varaformann. Að jafnaði skulu þrjú sitja í nefndinni við afgreiðslu mála. Formaður eða varaformaður kallar nefndina saman. Ef formanni þykir ástæða til getur hann ákveðið að öll nefndin fjalli um mál. Kærufrestur til nefndarinnar er sjö sólarhringar frá frá ákvörðun nefnda lá fyrir og skal nefndin úrskurða í málinu innan sjö daga. Fyrir áfrýjunarnefnd skal lögð fram skrifleg kæra ásamt greinargerð. Ef kærutriði snertir annan aðila/aðra aðila skal þeim gefinn kostur á að gera skriflega grein fyrir afstöðu sinni til málfefnisins. Ef nefndin telur ástæður til getur hún kallað kæranda og þá sem málið varðar fyrir nefndina. Áfrýjunarnefnd leggur sjálfstæða ákvörðun á þau mál sem til hennar er skotið og getur endurskoðað úrskurði undirnefnda, þó þeir seu byggðir á frjálsum mati.

#### **15. Grein**

Félögum og einstökum félagsmönnum innan félaganna er skylt að hlíta úrskurðum og ákvörðunum stjórnar, innan þess ramma sem lög samandsins mæla fyrir hverju sinni. Stjórnin getur vikið brotlegu félagi úr sambandinu, en leggja skal málið fyrir næsta ársþing.

#### **16. Grein**

Lögum þessum verður ekki breytt nema á þingi sambandsins sem boðað hefur verið til á sama hátt og reglulegs ársþings, enda hafi lagabreytingar verið getið í dagskrá þingsins og þær hlotið tveggja þriðjuhluta greiddra atkvæða Breytingar á lögum þessum taka þegar gildi.